

HEILLANDI VOR

Guðrún Gunnarsdóttir og Karlakór Kjalnesinga í Salnum

Karlakór Kjalnesinga heldur söngskemmtun í Salnum í Kópavogi, fimmtudaginn 12. febrúar kl. 20.

Á efnisskrá eru lög úr ýmsum áttum en uppistaðan eru sígild íslensk dægurlög sem Óskar Einarsson hefur útsett fyrir Guðrúnu og kórinn. Guðrún fékk á dögnum íslensku tónlistarverðlaunin fyrir hljómdiskinn Óður til Ellýar. Á söngskemmtuninni mun hún flytja nokkur lög af þeim disk.



Um undirleik sjá valinkunnir hljómlistarmenn, Óskar Einarsson á píanó, Jóhann Ásmundsson á bassa og Mattías Hemstock á slagverk. Stjórnandi Karlakórs Kjalnesinga er Páll Helgason. Óskar Einarsson sem útsett hefur lög er löngu orðinn landsþekktur fyrir stjórnun á gospelkórurum hefur komið að ótal tónlistarupþákomum sl. ár.

Karlakór Kjalnesinga hefur brugðið sér út fyrir landsteinanna en hann fór til Kanada árið 1999 og til Týrol 2002. Í þeirri ferð tókust góð kynni með kórfélögum og Guðrúnu sem gerði sjónvarpsmynd um ferðina og Sigurð Dementz Franzon níræðan.

Karlakór Kjalnesinga er var stofnaður 1991 og hefur starfað af vaxandi krafti hin síðari ár. Hann er skipaður 35 söngmönnum og hefur komið fram við margvísleg tækifæri. Fyrir jólin 2002 kom út jóladiskur kórsins, Kemur heilög hátíð og á árinu 2003 koma hann fram með Pöpunum og á tónleikum til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Kórinn er eini starfandi kórinn í norðurbæ Reykjavíkur og um hann verið ort:

Þótt aldrei kórinn eigi fé
og ansi fáir nótur lesi,
má öruggt telja að hann sé
sá allrabesti á Kjalarnesi.

Söngskemmtunin hefst sem fyrr segir kl. 20. Miðasala og nánari upplýsingar er að finna á www.salurinn.is

Njótið vel
Karlakór Kjalnesinga